

72 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um niður-
 15. júní. færslu landsskuldar af þjóðjörð sökum skemmda af vatnságangi. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 5. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað skoðunar- og matsgjörð hlutaðeigandi úttektarmanna á skemmdum þeim, sem þjóðjörðin þverá í Skíðadal, sem heyrir undir Möðruvallaklaustursumboð, hefur orðið fyrir á túni og engjum af vatnságangi og landbroti í júlímánuði f. á. Hafa úttektarmennirnir metið, að skemmdir þessar nemi 40 meðalálnum á ári um 10 fardagaár fyrst um sinn, og hefur hlutaðeigandi umboðsmaður látið uppi það álit sitt, að mat þetta sje nærri sanni, og mælt með því, að beiðni leiguliðans um niðurfærslu landsskuldarinnar, sem nú er 90 meðalálnir, verði tekin til greina, þannig að landsskuldin verði færð niður samkvæmt þessu um 20 meðalálnir.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar, að jeg eptir tillögum yðar, og samkvæmt lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða 12. janúar 1884, 17. gr., veiti samþykki mitt til, að landsskuldin af fyrnefndri umboðsjörð sje fyrir síðastliðið fardagaár og 9 næstu fardagaár fyrst um sinn færð niður um 20 álnir á ári, og að greiða megi helminginn af kostnaðinum við skoðunargjörðina úr umboðssjóði samkvæmt 23. gr. sömu laga.

73 Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Vestmannaeyjasýslu um endurgjald
 16. júní. á tolli af brennivíni, sem lekið hafði niður. — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 17. nóv. f. á., hafið þjer sent hingað bónarbrjef frá Gísla kaupmanni Engilbertssyni á Vestmannaeyjum, þarsem hann fer þess á leit, að sjer verði endurgoldinn tollur af 51 potti af 16^o brennivíni, sem hafði lekið úr 3 tunnum á leiðinni hingað til lands frá Kaupmannahöfn.

Eptir að jeg hef fengið álit hins umboðslega endurskoðanda um þetta málefni, vil jeg tjá yður, herra sýslumaður, yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar, að með því að það er sannað með vottorði yðar sem lögreglustjóra og tveggja tilkvaddra manna, að innihald áðurnefndra 3 tunna, er voru þau einu ílát með vínföngum, sem póstskipið Laura í þeirri ferð flutti til Vestmannaeyja, hafi verið mælt í yður viðurvist og reynzt 338 pottar í staðinn fyrir 389 pottar, einsog það var talið á tollskrá skipsins, og að tunnurnar, þegar mælingin fór fram, hafi verið með óskemmdum tollinnsiglum og að öllu leyti í sama ástandi, eins og þegar þeim var skipað í land, þá fellst jeg á, að beiðandanum samkvæmt lögum nr. 10, 26. febrúar 1876, 3. gr., sje endurgoldið aðflutningsgjald af 51 potti af 16^o brennivíni, og skal jeg því þjónustusamlega skora á yður, að greiða honum 30 kr. 60 a. af aðflutningsgjaldi því, er þjer heimtið saman á þessu ári, og telja þessa upphæð með útgjöldum í aðflutningsgjaldsreikningi yðar.

74 Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán til að endurreisa kirkju.
 16. júní. — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi 600 kr. lán úr landssjóði til að endurreisa Kálfafellsstaðarkirkju, sem hafði verið byggð upp síðastliðið sumar en brotnaði og fauk að nokkru leyti í ofsavæðri 7. jan. þ. á. Lánið ber að ávaxta með 4% á ári og endurborga af tekjum (uppbót) Kálfafellsstaðar prestakalls á 12 árum með 50 kr. á ári.